



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Miðborg



2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat deilda 2023-2024	10
4.1 Skeljadeild	10
4.2 Regnbogaland	10
4.3 Kuðungadeild	11
4.4 Krílakot	12
4.5 Krossfiskadeild	13
5 Innra mat sérkennslu.....	13
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
8 Foreldrasamvinna.....	18
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10 Fylgiskjöl	21
10.1 Málörvun.....	21
10.1.1 Skeljadeild	21
10.1.2 Regnbogaland.....	22
10.1.3 Kuðungadeild.....	22
10.1.4 Krílakot	23
10.1.5 Krossfiskadeild.....	24
10.2 Skynjun.....	25
10.2.1 Fjögra til sex ára	25
10.2.2 Þriggja til fjöggra ára	26





10.2.3	Eins til tveggja ára	27
10.2	Umsögn foreldraráðs.....	28





Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn opnaði af fullum krafti eftir sumarfrí 2023, þá með einungis tvö hús því búið var að loka gömlu Njálshöfninni. Þetta leikskólaárið hefur því leikskólinn verið rekinn á tveimur starfsstöðvum en þriðja húsið mun opna á haust mánuðum. Það verður staðsett við Barónstíg 34 og bera nafnið Vörðuborg. Nú í vetur voru 86 pláss fyrir börn í leikskólanum en þegar nýja húsið opnar og reynsla er komin á reksturinn mun leikskólinn geta tekið við 161 barni.

Vegna lokunar á Njálshöfninni var elsti árgangurinn sem hafði verið í húsinu um veturinn húsnaðislaus. Þá var brugðið á það ráð að setja á fót útideild. Útideildin samanstóð af bæði börnum og starfsfólki sem hafði verið í Njálshöfninni. Útideildin gerði víðreist og ferðaðist vítt og breytt um allt höfuðborgarsvæðið. Þau fóru því snemma morguns og komu seinni partinn. Útideildin varði í tvær vikur og vakti mikla lukku. Því er áformað að gera eitthvað í svipuðum dúr við síðustu vikur útskrifta hóps hvers árs.

Vinna að námskránni hélt áfram og nú sér fyrir endann á þeirri vinnu og mun hún vera útgefin á internetinu á haustmánuðum 2024. Í tengslum við námskránni var ákveðið að vinna að tungumálastefnu fyrir leikskólann. Sú vinna fór fram að mikluleyti í tengslum við fyrirlestra frá Miðju máls og læsis, síðan vinnu tengda þeim.

Lokið var eiginlegri vinnu við sprotasjóðs verkefni leikskólans um bættu starfshætti í aðlögun. Þar var rýnt í starfshætti og fundinn sameiginlegur flötur og línur skýrðar sem efla tengslamyndun og samskipti í aðlögun í leikskóla. Út frá þessari vinnu spannst mikill áhugi fyrir aukinni áherslu á foreldra samstarf. Þá var ákveðið að reyna að finna leiðir til að bjóða foreldra meira velkomna inn í leikskólann. Foreldrum var því boðið einu sinni í mánuði í leikskólann seinni partinn til að eiga góða stundir saman með börnum sínum og starfsfólki. Sem dæmi má nefna að í eitt skiptið var boðið uppá piparkökuskreytingar og í annað sinn var það vinnustofa þar sem foreldrar og börn unnu saman að því að setja myndir í bók barnsins.

Nú hefur leikskólinn verið fenginn til að taka þátt í verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem kallast Nurture. Markmið verkefnisins er að efla meðvitund starfsfólks á starfsháttum sem efla tengslamyndun og veita börnum vellíðan og öryggi. Við erum komin stutt á veg enda einungis kynning á efninu farið fram og lítill hópur farið á námskeið. Nú í haust mun vinnan byrja þegar styrkleikar leikskólans og tækifæri til úrbóta hafa verið kortlagðir. Í september mun allt starfsfólk fara á námskeið tengt Nurture, út frá því verður búið til innleiðingateymi.

Þegar unnið er út frá hugmyndafræði Nurture er stór þáttur að vinna með skynjun í sem víðustu mynd. Það hefur því verið ákveðið að vinna markvissara með skynjun á öllum aldursstigum leikskólans. Markviss vinna með málörvun er einnig einn af hornsteinum leikskólastarfsins næsta leikskólaárs. Skynjun og málörvun verður því umbótaþáttur á öllum deildum leikskólans.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið? Verkefnið útleidd	
Hvernig fór matið fram?	Viðtölum og spurningalista
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk, börn og foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Allir mjög sáttir, börnum fannst flestum allt skemmtilegt, foreldrum fannst gott hvað börnin kynntust mikið af nýjum stöðum í borginni og starfsfólki fannst dagarnir líða fljótt og yfir höfuð gaman. Deildin var ekki með aðstöðu inni sem gat verið áskorun og sumir foreldrar hefðu kosið fastari ramma og rútínu eftir sumarfríið.

Hvað var metið? Starf deilda	
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum í byrjun árs og lok starfsárs
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Deildir náðu að vinna að sínum umbótaþáttum að mestu leyti. Þættirnir voru oft mjög margir og misjafnir eftir deildum. Deildir náður að mestu að vinna að umbótaþáttunum. Á öllum deildum eru tækifæri til úrbóta eða þróunar á því starfi sem nú þegar er. Ákveðið hefur verið að hafa umbótaþætti færri og markvissari, hafa þá sýnilega á deildum svo auðveldara sé að minna á og vinna eftir.

Ytra mat

Hvað var metið? Viðhorfskönnun starfsfólks	
Hvernig fór matið fram?	Rafræn spurningakönnun á vegum Reykjavíkurborgar, stofnun ársins.





Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk Miðborgar
Helstu niðurstöður mats	Það var almenn ánægja meðal starfsfólks í öllum þáttum könnunarinnar en helst í tengslum við starfsanda, stjórnun, jafnrétti, sveigjanleika í vinnu og sjálfstæði í starfi. Þó svo að ánægja hafi aukist er varðar launakjör og vinnuskilyrði skorar leikskólinn enn læst í þeim þáttum. Unnið hefur verið að bættri hljóðvist á einni starfstöðinni, nú á haustmánuðum á að loka og lagfæra aðra starfsstöð tímabundið og svo kemur nýtt hús sem þriðja starfsstöðin sem ætti að bæta vinnuskilyrði svo um munar fyrir allan leikskólann.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	Innra mat
Umbótaráttur/matspáttur	Stofna matsteymi innan leikskólans.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stofna matsteymi sem innleiðir markvissa starfshætti í innra mati leikskólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðast um innra mat, setja fram mats áætlun og hvaða gagna sé aflað.
Ábyrgð	Leikskólastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2024 og starfshættir endurmetnir í maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Meta þarf á stjórnendafundi hvort aðferðin við innra matið sé greinargóð og skilmerkileg. Einnig hvort vilji sé fyrir að halda áfram með þessum hætti.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ef aðferðin við innra mat nýtist vel munu leikskólastjórar halda áfram að nýta hana og matsteymi verður starfrækt við leikskólann um óákveðin tíma.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	Starfsþróunarviðtöl
Umbótaþáttur/matsþáttur	Auka starfsþróunarviðtöl
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa að minnsta kosti tvö starfsþróunarviðtöl yfir leikskólaárið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa eitt starfsþróunarviðtal að hausti (Nóvember) og eitt starfsþróunarviðtal að vori (Apríl).
Ábyrgð	Leikskólastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Er yfir leikskólaárið 2024-2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Í lok árs 2024 verður farið yfir hvort náðst hafi að taka viðtöl við allt starfsfólk og svo aftur í Maí 2025.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ef tekist hefur að taka tvö starfsþróunarviðtöl við allt starfsfólk leikskólans hefur viðmiði verið náð.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	Leikskólabragur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Auka upplifun foreldra á að Miðborg sé samfélag fyrir þá líka.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla tengsl við foreldra og tengsl foreldra sín á milli
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þjóða upp á markvissar samverustundir, ein klukkustund, einu sinni í mánuði fyrir foreldra.
Ábyrgð	Stjórnendahópur Miðborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október 2024 og lok í maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Matið fer fram með rýnihóp og könnun til foreldra í lok leikskólaárs.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ef meiri hluti foreldra mætir á viðburðina/samverustundirnar og telur þetta vera til góðs í lok leikskólaársins höfum við gengið til góðs og munum halda áfram uppteknum hætti.





4 Innra mat deilda 2023-2024

4.1 Skeljadeild

Skeljadeild er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Þar eru að jafnaði 24 börn í elstu árgöngum leikskólans. Nú í ár voru börn á aldrinum þriggja til sex ára. Fasta starfsfólk deildar voru fjórir auk stuðnings fyrir barn á deild. Deildin er útbúin fjölbreyttum efnivið og mikið var lagt upp úr gönguferðum um nærumhverfi leikskólans.

Styrkleikar:

Á deildinni var öflugur starfsmannahópur þar sem þolinmæði, jákvæðni, frumkvæði og góð samvinna réð ríkjum. Áhersla hefur verið á góð og hreinskiptin samskipti í vetur bæði við börn og foreldra. Samskipti og samvinna við foreldra virðist hafa gengið vel og foreldrar jákvæðir þar sem þeir hafa mætt mjög vel á allar viðburði á vegum leikskólans og leita til starfsfólks vegna ýmiskonar mála. Í allan vetur hafa verið les/spila stundir á deildinni, þar sem börnunum er skipt upp í minni hópa. Þar hefur gefist mikið og gott tækifæri til að efla íslensku og samskipti barnanna. Samveru stundir hafa einnig verið reglulegar og í minni hópum sem hefur gert börnunum auðveldara um vik að halda einbeitingu og læra lögin sem er verið að syngja. Verkefni tengd Lubba hafa verið viðloðandi í allan vetur og flest börnin þekkja öll máhljóðin. Bók barnsins og þátttaka barnanna í gerð bókarinnar hefur verið öflug allt leikskólaárið.

Það hafa verið farnar margar ferðir í nágrenni leikskólans og samstarf við Safnahúsið styrkst til muna.

Tækifæri til umbóta:

Ákveðið hefur verið að hafa myndrænt skipulag strax í byrjun leikskólaárs, einnig að gera myndræn hálsmen fyrir allt starfsfólk. Stefnt er að því að ígrunda betur hvaða lög eru sunginn á deildinni, kenna þau markvisst og tengja við þema. Stefnt er einnig að því að efla brú milli heimilis og leikskóla með meiri foreldrasamvinnu, til dæmis með gerð lagalista á spotify svo börnin geti hlustað á lög heima sem þau eru að læra og leika við í leikskólanum. Vinnan við bók barnsins á að tengja betur við daglegt starf og auðvelda með notkun Ipad, þar sem hægt verður að taka mynd og prenta út á sama tíma svo tenging barnsins við athöfn og mynd í bókinni verði sterkari.

4.2 Regnbogaland

Regnbogaland er deild staðsett í starfsstöð Miðborgar við Njálsgötu 70, þar eru að jafnaði 15 börn í elstu árgöngum leikskólans. Nú í ár voru börn á aldrinum fjöggra til sex ára. Starfsfólk deildar voru þrír.





Lögð var áhersla á opin efnivið þar sem einingakubbar og holukubbar voru megin stef allt leikskólaárið. Hin frjálsi leikur fékk mikið rými ásamt sköpun og sjálfsefningu í matmálstímum.

Styrkleikar:

Unnið var markvisst með flæði, lýðræði og sjálfsákvörðunarrétt barnanna. Sjálfsprottin sköpun barna var styrkt til muna. Matartímar þróuðust í átt barnstýrðra matartíma og hlaðborð tekið upp.

Tækifæri til umbóta:

Ákvörðunarrétt barna til útiveru mætti auka. Við kennarar þyrftum að vera meira flæðandi í rýminu, miðað við hvar börnin velji að vera (til dæmis útivera). Við kennarar gerum mánaðarlegt plan varðandi hvað við vildum leggja inn / áherslur í leik og námi barnanna.

4.3 Kuðungadeild

Kuðungadeild er staðsett í starfstöð Miðborgar við Lindargötu 26, þar eru að jafnaði 16 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum tveggja til þriggja ára. Starfsfólk deildar voru ávallt þrjú til fjögur. . Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Byggt er á þekkingu sem fyrir er í leikskólanum og unnin eru einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagfærnin byggir á.

Styrkleikar:

Sterkur félagsandi yfir öllum hópnum, góð í að leika saman og leyfa öllum að taka þátt á sínum forsendum, einnig góð í að leika sjálf. Sjálfstæði hefur vaxið í hópnum eftir því sem liðið hefur á árið, lýðræði sem og hæfileikinn til að vinna saman hefur aukist hægt og rólega gegnum veturinn. Börnin fá möguleika á að styðja hvort annað í leik og starfi.

Tækifæri til umbóta:

Með nýjum börnum sem byrja á deildinni í bland við börn sem voru hjá okkur síðasta vetur, munum nýta þá styrkleika sem gömlu börnin hafa lært í gegnum síðast vetur til aðstoða þau nýju til að aðlagast fyrr daglega starfinu á Kuðungadeild. Við munum halda áfram að hafa helsta fókus okkar á félagsfærni sem og íslensku kennslu, í gegnum leikinn.





4.4 Krílakot

Krílakot er á starfstöð Miðborgar við Njálsgötu 70, um 17 börn eru þar að jafnaði. Þetta leikskólarið var mikil aldursdreifin í barnahópnum en þau voru á aldrinum eins til fjöggra ára. Á Krílakoti er unnið með flæðisstundir fyrir hádegi þar sem boðið er upp á mismunandi efnivið. Yngstu börnin á deildinni fara í hópastarf 1x í viku í könnunarleik og eldri börnin fara í spilahópa 1x í viku. Í könnunarleiknum fá börnin tækifæri til að örva skynfæri sín, þau fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka eiginleika hluta án íhlutunar kennara og að lokum æfa þau notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi. Samverustundir eru á hverjum degi, börnunum er skipt upp í tvo hópa m.t.t. aldurs og þar er lögð áhersla á að syngja, lestur bóka og spjall.

Styrkleikar:

Lögð var áhersla á sjálfshjálp í matartíma bæði að börnin mati sig sjálf eftri fremsta megni og gangi frá eftir matartímamann. Þetta hefur gengið mjög vel og öll börnin fljót að tileinka sér fráganginn.

Matartímar hafa einnig nýst vel í málörvun þar sem við höfum lagt uppúr að sitja í rólegheitum með börnunum.

Við höfum einnig lagt áherslu á hin ýmsu hugtök varðandi veðurfar, dýr, plöntur, klæðnað og árstíðir t.d. með lestri bóka, söngvum, útiveru og spjalli. Göngutúrar um nærumhverfið með eldri börnunum hafa einnig verið í fókusi og aðeins byrjuð að fara með yngstu börnin. Við höfum unnið verkefni er tengjast umhverfislæsi t.d. að gróðursetja fræ, mála og leika með snjó inni, vinna með jarðleir, búa til myndir úr bláberjum, vinna með stóra klaka, fylgst með krummalaupnum í beinni útsendingu, fylgst með starahreiðrinu sem er á leikskólanum o.fl.

Tækifæri til umbóta:

Barnahópurinn mun að mikluleyti endurnýjast á komandi hausti og því viljum við halda áfram að kenna þeim frágang eftir matartíma um leið og þau byrja. Þannig eflum við sjálfshjálp strax frá byrjun leikskólagöngu. Myndum gjarnan vilja fá litlar vatnskönnur til að börnin læri að skammta sér sjálf í glös.





Með eldri börnunum viljum við nota hugarkort t.d. tengt göngutúrum og prófa að fara með þau í strætó. Eins langar okkur að fara í göngutúra þar sem við leggjum áherslu t.d. á að skoða hús barnanna á deildinni. Við viljum efla en frekar gönguferðirnar hjá okkur, fara oftar í ferði og byrja fyrr með yngstu börnin.

4.5 Krossfiskadeild

Krossfiskadeild er ein af þremur deildum í starfsstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Á deildinni eru að jafnaði 14 börn á aldrinum 1-2 ára þetta leikskólaárið. Unnið er með málörvun, félagsfærni og sjálfseflingu. Lögð er áhersla á að vinna út frá námi í gegnum leik því í leik þjálfast vitrænir og skapandi þættir s.s. tungumál, hreyfifroski, tilfinninga- og félagsþroski. Mikið hefur einnig verið lagt upp úr að gera námsumhverfið aðlaðandi og auðvelda aðgengi barnanna að efniviðnum sem í boði er.

Styrkleikar:

Mynda traust og gott samband á milli heimilis og skóla í byrjun skólagöngu barna. Við notum Völuna mikið í þeim tilgangi, setjum inn myndir af starfinu og erum í samskiptum við foreldra.

Við leitumst við að valdefla börn í að t.d. ganga frá eftir sig, klæða sig í og úr og fleira í þeim dúr frá byrjun leikskóladvalar.

Myndrænt læsi á veggjum og í samverustundum. Lög sett í myndrænt form og notað á töflu, myndrænt dagskipulag sýnilegt fyrir utan deild og inni á deild. Myndrænar merkingar á flestöllu.

Við sýnum mikla ást og umhyggju sem skapar öryggi hjá börnunum.

Tækifæri til umbóta:

Vinna meira og á markvissari hátt með skynjun og að örva skynfæri á sem fljölbreyttastan máta.

Leyfa foreldrum að vera stærri partur af leikskólanum, t.d. deila lögum sem sungin eru í leikskólanum með foreldrum, bjóða foreldrum inn svo eitthvað sé nefnt.

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð;	Sérkennsla er skipulögð út frá hugmyndafræðinni um menntun án aðgreiningar, þarfir barnsins ávallt í forgrunni. Börn sem eru með skilgreindar sérþarfir og úthlutaða stuðningstíma eru með
--	---





<p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólasterfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>einstaklingsnámskrá með langtíma og skammtíma markmiðum sem unnin eru í samvinnu við teymi barnsins, endurmat á einstaklingsnámskrá er gerð eftir þörfum.</p> <p>Haldnir eru reglulegir teymisfundir á 6 til 8 vikna fresti</p> <p>AEPS listar fylltir út með reglulegu millibili</p> <p>Ferilmappa /Bók barnsins</p> <p>Þau sem sinna sérkennslu halda úti vinnudagbók.</p> <p>Myndræn skráning og upptökur eru notaðar sem matstæki.</p> <p>Einstaklingskennsla eftir þörfum, en lögð er mikil áhersla á að virkja þátttöku allra barna í starfinu og því fer stuðningur að mestu leyti fram í daglegu starfi deildanna.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS matslisti fyrir þau börn sem þarf og foreldrar fylla út AEPS listann fyrir foreldra</p> <p>TRAS, flestar deildir fylla út listann og unnið er að því að allir deildarstjórar sæki námskeiðið</p> <p>EFI-2, tekið á öllum börnum sem eru 3,6 ára</p> <p>Hljóm-2, er tekið á öllum börnum í elsta árgangi skólans.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Bækur, Myndrænt skipulag, Spil, Orð eru ævintýri, Orðagull og Lærum og leikum með hljóðin og fleiri kennslu öpp.</p> <p>HLJÓM 2 og hvað svo? Kennsluefnið.</p> <p>Ljáðu mér eyra, Markviss málörvun, Lubbi finnur málbeinið, Widget oneline og Gefðu 10</p> <p>Peltor er á flestum deildum aðgengilegir fyrir þau börn sem þess þurfa</p> <p>Annar efniviður, hjálpartæki og námsgögn sem er til staðar í skólanum.</p>





Deild/aldur barna	
Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að skapa vettvang fyrir sérkennsluteymi leikskólans.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss vinna og samráð um verkefni þar sem aðilar geta skipst á hugmyndum og góðum lausnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fundir með aðilum/teymi reglulega og eftir þörfum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjun september 2024, endurmat í lok maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Spurningakönnun fyrir starfsfólk um hvernig tiltókst sem sinnir stuðningi á leikskólanum, á fundum verður staðan tekin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að reglulegir fundir verði haldnir, haldið verður utan um fundargerðir, og að markviss vinna skili góðum einstaklingsnámskrám fyrir börnin sem njóta stuðnings.





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Markmið Miðborgar er að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms. Til þess að koma til móts við ólíkar þarfir og getu nemenda er fjölbreyttum kennsluáferðum beitt þar sem áhersla er lögð á þátttöku allra nemenda.

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er nýtt til að mæta ráðningu verkefnastjóra fjölmenningar
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á öllum deildum er áhersla lögð á að setja orð á alla hluti og daglegar athafnir til þess að dýpka orðaforða barnanna. Skipulag er mismunandi á milli deilda en áhersla er lögð á lestur bóka, söng, tónlist og samskipti í leik. Gefðu 10 hefur ekki náð að festa sig í sessi í daglegu starfi.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Í öllum aðstæðum er unnið að því að auka og dýpka orðaforða barna hvort sem það er í skipulögðum samverustundum/lesstundum eða í daglegu flæði.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við málhluta TRAS, HLIÓM-2, EFI-2 til að fylgjast með stöðu og framförum fjöltyngdra barna. Einnig hafa Hæfnirammarnir verið innleiddir og unnið verður áfram að því að festa þá í sessi svo hægt sé að sjá samfellu í notkun þeirra og þannig meta árangur og framfarir fjöltyngdra barna.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með alla þessa þætti í leik og starfi í gegnum daginn en það gæti verið góð hugmynd að setja upp markvissari áætlanir um hvernig best sé að sinna og fylgjast með þessum færniþáttum sérstaklega hjá fjöltyngdum börnum.





Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttu	Að markvisst verði unnið með málið og málörvun í öllu daglegu starfi í leikskólanum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa sjónrænt umhverfi í leikskólanum sem gefur tækifæri og hvetur til samræðna í dagsins önn fyrir bæði börn og foreldra við starfsmenn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að samræma myndrænt skipulag á öllum deildum og í sameiginlegum rýmum leikskólans. Myndrænt skipulag sem notast er við er aðgengilegt öllum starfsmönnum á sameign.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmenningar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2024 og lýkur í júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulegir fundir með deildarstjórum til að ræða hvernig gengur og hvort eitthvað megi bæta. Samtöl tekin við börn og starfsmenn deilda til að sjá hvernig þeirra upplifun er af sjónrænu umhverfi. Spurningakönnun til starfsmanna og verkefnastjóri situr deildarfundi með öllum deildum einu í lok hverrar annar til að ræða um upplifun og reynslu starfsmanna á deild. Hæfnirátt og TRAS fyllt út tvisvar á skólaári svo hægt sé að fylgjast með stöðu og framförum barnanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að umhverfi leikskólans sé ríkt af málhvetjandi og sjónrænu efni fyrir börn. Að börnin hafi náð betri færni í íslensku og hægt sé að fylgjast með stöðu þeirra og framförum á markvissari hátt.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsdagar voru nýttir á fjölbreyttan hátt, við byrjuðum starfsárið á að Hrönn Pálmadóttir hélt fyrirlestur um tengslamyndun ungra barna og aðlögun. Á næsta starfsdegi kom Elísa Guðnadóttir sálfræðingur og fjallaði um hagnýtar og jákvæðar leiðir í starfi leikskóla sem nýtist öllum börnum. Miðja máls og læsis kom einnig til okkar dagspart og fjallaði um mikilvægi málörvunar í daglegustarfi bæði fyrir starfsfólk og börn. Anna Gréta Guðmundsdóttir kom seinni hluta eins starfsdags og fjallaði m.a. um hlutverk kennara í leik og Anna Sigríður Ólafsdóttir fjallaði um góða starfshætti í matartímu og tengda mat almennt. Annars voru starfsdagar nýttir í mat á starfsháttum deilda og skipulagningu þeirra.

Starfsfólki var einnig kynnt fyrir starfsháttum Nurture og ákveðið var með kosningu að taka þátt í því verkefni.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við starfsfólk deilda af deildarstjórum einu sinni yfir starfsárið.

Leikskólastjórar tóku sameiginlega starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk á sumarmánuðum.

Í upphafi leikskólaársins 2024 hefur verið ákveðið að fá dr. Sigríði Ólafsdóttur að fjalla um mikilvægi málörvunar í leikskólum. Síðan mun vera mikil áhersla á að kynna verkefnið Nurture fyrir starfsfólki og efla starfshætti tengda því.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skilafundir eru vegna allra barna sem hefja grunnskólagöngu sína í Austurbæjarskóla, deildarstjóri á deild elstu barna og sérkennslustjóri sækja þessa fundi.

Markvisst samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar hefur farið fyrir ofan garð og neðan. Vonast er til að með samvinnu tengdri Nurture verkefninu auki vilji allra skólastiga til aukinnar samvinnu og allir aðilar sjái mikilvægi hennar.

8 Foreldrasamvinna

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg, hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið





fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir jólaskemmtun, sveitaferð og sumarhátíð.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal einu sinni á ári, að hausti eða vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf.

Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem starfsemi skólans og deildar barnsins er kynnt. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki. Foreldrum með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í aðlögun.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Í ár var foreldrum boðið ca. einu sinni í mánuði inn á deild barnsins síns þar sem börn, foreldrar og starfsfólk áttu notalega stund saman og styrktu tengslin sín á milli og við starfsfólk. Til dæmis var kynningarfundur að hausti, piparkökumálun og vinnustöðvar með bók barnsins svo eitthvað sé nefnt. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og vísýni.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal





Samband íslenskra
svellartéttara

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Milborg

ÁSDAÐ	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MÁRÍ	APRÍL	MÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F.	1. S.	1. M.	1. F.	1. S.	1. M.	1. F.	1. S.	1. F.	1. S.	1. M.	1. F.
2. M.	2. M.	2. F.	2. F.	2. M.	2. S.	2. M.	2. F.	2. F.	2. M.	2. M.	2. M.
3. S.	3. S.	3. M.	3. M.	3. M.	3. M.	3. M.	3. M.	3. L.	3. M.	3. M.	3. F.
4. M.	4. M.	4. M.	4. M.	4. M.	4. M.	4. M.	4. F.	4. S.	4. M.	4. F.	4. F.
5. F.	5. F.	5. L.	5. S.	5. S.	5. S.	5. M.	5. L.	5. M.	5. L.	5. L.	5. L.
6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.
7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.
8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.	8. F.
9. F.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.
10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.	10. S.
11. S.	11. M.	11. M.	11. M.	11. M.	11. M.	11. M.	11. M.	11. S.	11. M.	11. M.	11. M.
12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.	12. M.
13. M.	13. F.	13. S.	13. S.	13. S.	13. M.	13. F.	13. F.	13. S.	13. M.	13. F.	13. S.
14. M.	14. L.	14. L.	14. L.	14. L.	14. L.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.
15. F.	15. S.	15. S.	15. S.	15. S.	15. M.	15. F.	15. L.	15. M.	15. L.	15. L.	15. L.
16. F.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.
17. F.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.
18. S.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.
19. M.	19. F.	19. L.	19. F.	19. F.	19. S.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.
20. M.	20. F.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.
21. M.	21. L.	21. L.	21. L.	21. L.	21. L.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.
22. F.	22. S.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.
23. F.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.
24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.
25. S.	25. M.	25. M.	25. M.	25. M.	25. M.	25. M.	25. M.	25. S.	25. M.	25. M.	25. M.
26. M.	26. L.	26. L.	26. L.	26. L.	26. L.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.
27. M.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.
28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.
29. M.	29. S.	29. S.	29. S.	29. S.	29. S.	29. S.	29. S.	29. M.	29. S.	29. S.	29. S.
30. F.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.
31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L.

Í gegnum um leikskólaþjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdaga starfslóks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hini þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir.
 Leikskólaþjónustan er lokað á milli leikskólanna í Reykjavíkurborg. Það er lagt á milli leikskólanna í Reykjavíkurborg. Taka að lögum til uttúgu virka daga í sumari. Leikskólaþjónustan ákveður, að hofdu samráði við starfsmenn og foreldraráð
 viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allri sumari eða loki samtítt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólaþjónendur leik- og grunnskóla við að
 samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölsýndur í Reykjavík.



10 Fylgiskjöl

10.1 Málörvun

Ákveðið var að leggja áherslu á markvissa málörvun á öllum deildum leikskólans. Hver og ein deild útfærir í sameiningu hvaða leið þau munu fara í sinni umbótaáætlun.

10.1.1 Skeljadeild

Deild/aldur barna	Skeljadeild
Umbótapáttur/matspáttur	Markvissar ferðir til að efla þekkingu barnanna að nánasta umhverfi. Að allir hópar fari að minnsta kosti einu sinni í mánuði í ferð. Gera lista yfir fyrirhugaðar ferðir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fylgjast vel með vinnu safnanna í kringum leikskólann og bjóða börnum í ferðir þar sem þau geta skoðað og tekið þátt í sýningum/fræðslu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegar ferðir helst í litlum hópum sem eru skipulagðar með góðum fyrirvara.
Ábyrgð	Deildarstjóri í samvinnu við alla á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 til lok maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundur þar sem við getum skoðað hvernig hefur verið að ganga, hvað er hægt að breyta eða bæta við. Fundir með börnunum einu sinni á önn um þeirra hugmyndir og skoðanir á ferðunum í janúar og skoða þá framhaldið í samtarfi við börnin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fara yfir listann og sjá hvaða ferðir hafa verið farnar. Meta hvort börnin á deildinni upplifi ferðirnar á jákvæðan hátt og séu tilbúin að taka þátt í ferðunum. Sjá hvort ferðirnar endurspeglar í leik og daglegu starfi á deildinni.





10.1.2 Regnbogaland

Deild/aldur barna	Regnbogaland
Umbótapáttur/matspáttur	Málörvun Leggja áherslu á samverustundir, lesa sögur og kenna/fara með vísur. Halda áfram með Lubba.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka orðaforða og tjáningu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin til að tjá sig með orðum. Auka aðgengi að bókum, spilum og fara í „regluleiki“.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildarfundum, með TRAS og með skráningu í upphafi skólaárs og í lok þess hvar börnin standa.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin eru virkir þátttakendur í daglegu starfi leikskólans og að þau séu óragari að tjá sig.

10.1.3 Kuðungadeild

Kuðungadeild	
Umbótapáttur/matspáttur	Að auka málörvun á Kuðungadeild





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka færni barna til að tjá sig, eiga yrt samskipti sín á milli og við aðra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Málörvun er allan daginn í leikskólanum, þegar við tökum á móti börnum þegar þau koma í leikskólann, í matmálstímanum, í fataklefanum, á skiptiborðinu, í öllum þáttum dagsins.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildunum. Ábyrgð á mati bera þeir sem hafa réttindi til að framkvæma þau.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – Júlí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir, TRAS og Evi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Deildarfundir þar sem farið er yfir hvort það sé verið að vinna í rétta átt. TRAS og EVI sem við notum til að meta hvern og einn einstakling og þeirra framþróun yfir skólaárið.

10.1.4 Krílakot

Deild/aldur barna	Krílakot
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun-Samverustundir. Leggja áherslu á að samverustundir verði skemmtilegar og lærdómsríkar stundir þar sem áhersla er lögð á málörvun og séu stundir þar sem öll börn fái að njóta sín.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka málþroska barna með því að nota fjölbreyttar aðferðir í samverustundum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að nýta okkur fjölbreyttar aðferðir eins og loðtöflu, hljóðfæri, söguskjóður, söng, lestur bóka, leiki, hreyfisöngva, nafnasöngva og með því að teikna





	upp lög og sögur. Einnig með því að skipta börnunum upp í minni hópa í samverustundum.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-Maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið á reglulegum deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að öll börn njóti sín í samverustundum og séu virkir þáttakendur.

10.1.5 Krossfiskadeild

Deild/aldur barna	Krossfiskadeild
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi (sjónrænt skipulag, sjónrænar samverustundir). Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Merkja flest á deildinni með sjónrænum hætti og hafa sýnilegt fyrir börn og foreldra. Hafa markvissar og góðar samverustundir með ríkri málörvun & lubbastundir í hverri viku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa útprentaðar myndir á veggjum af leikföngum/athöfnum o.s.frv. Nýta hverja stund til málörvunar ekki bara skipulagðar stundir.
Ábyrgð	Deildarstjóri.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Höfum nú þegar hafið sjónrænt læsi inni á deild. Júní 2024-júní 2025?
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Það væri sniðugt að meta hvernig gengur á deildarfundum og með skráningum á börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Er allt skýrara þegar það er sjónrænt fyrir börnin? Ná þau t.d. dagsplani betur og sögum/lögum betur ef það er sjónrænt. Hvernig hefur málörvunin þróast hjá börnunum t.d.

10.2 Skynjun

Ákveðið var á stjórnendafundi að leggja áherslu á fjölbreytta skynjunar upplifun barna með markvissari hætti í leikskólanum. Deildarstjórar sem vinna með börn á svipuðu aldursbili unnu saman að umbótaáætlun tengdum þeim aldri.

10.2.1 Fjögra til sex ára

4-6 ára	
Umbótapáttur/matspáttur	Skynjun og Tilfinningar Efla orðaforða og að segja frá tilfinningum sínum og upplifun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Búa til tækifæri til að efla skynjun, kynna nýjan efnivið og skynjunarleiki. Búa til orðabanka um tilfinningar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skynjunar svæði á deild, skynjunar æfingar gegnum margvíslegan efnivið. Lesi og tala um tilfinningar.
Ábyrgð	Deildarstjóri deilir verkefnum á starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í haust til Maí





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir og viðtal við börnin þar sem matið er hvað tókst okkur að framkvæma, hvað tókst ekki og hvernig getum við bæta við eða breytt.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðtöl við börn byrjun haust til að meta orðaforða þeirra um tilfinningar og skynjun. Taka stöðu mat aftur í Janúar og skoða aftur í apríl/maí

10.2.2 Þriggja til fjöggra ára

3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Nurture - Skynjun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka tækifæri til skynjunar og með sérstakan fókus á jafnvægisskynið og hreyfigetu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mismundi þrautabrautir einu sinni í viku, að minnsta kosti. Fleiri skynjunartækifæri á deildinni
Ábyrgð	Allir á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept 24 – maí 25
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir, samtal á deildinni yfir allan veturinn
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Deildarfundir þar sem farið er yfir hvort það sé verið að vinna í rétta átt. Í samtali á deildinni þar sem við fylgjumst með hvernig hvert og eitt barn tekur framförum eða ekki þegar líður á veturinn.





10.2.3 Eins til tveggja ára

1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að vera með markvissa og meðvitaða skynjun á yngstu deildum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að bjóða uppá skynjun á sem fjölbreyttasta hátt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp markvissar skynjunar stundir einu sinni í viku. Búa til hugmyndabanka fyrir starfsfólk.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.sept 2024-1.júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin upplifi sig örugg og séu þátttakendur í ýmsum skynjunarleikjum.

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:





10.3 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Áherslur starfsáætlunar samræmast starfi leikskólann og er síðasta ári gefið góð skil. Gerð eru góð greinaskil á mati síðasta árs og svo er á byggt á því í umbótaáætlun fyrir þetta ár.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er auðlesanleg. Hún er aðgengileg á vefsíðu Reykjavíkurborg fyrir þá sem hafa áhuga. Hugsanlega þyrfti að hafa í huga hvernig hægt væri að gera hana aðgengilegri fyrir þá sem ekki lesa íslensku. Hægt væri t.d. að bjóða upp á einn kynningarfund á Teams sem væri á ensku, þar sem starfsemi leikskólans og starfsáætlun væri kynnt.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin gefur mjög góða innsýn inn í leikskólastarfið fyrir foreldra. Sniðugt væri að senda foreldrum upplýsingar um hvar námsáætlunina er að finna og hvetja þá til að kynna sér hana.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Áætlunin er mjög skýr og gott er að byggja umbótaáætlun á fyrra ári og niðurstöðum úr innra mati. Gott er fyrir foreldra að vita hvað er að gerast í leikskólanum, hvernig dagarnir eru uppbyggðir, hvaða stefnur er verið að vinna með o.s.frv.

Fulltrúar í foreldraráði:

Berglind Svansdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





F. h. leikskólans

Tinna Sigurðardóttir 25.09.2024
Leikskólastjóri Dagsetning

Ösp Jónsdóttir 25.09.2024
Leikskólastjóri Dagsetning

